


Hulda Kristjánsdóttir

From: Anna Ingadóttir <anna.ingadottir@samband.is>
Sent: 3. ágúst 2022 13:53
Subject: FW: Tímabundinn styrkur til sveitarfélaga vegna tómstunda- og menntunarúrræða barna á flóttu: Síðari úthlutun

Til upplýsinga
Kveðja
Anna



Anna Ingadóttir
sérfræðingur
Beint innvað: 51 54 918
Netfang: anna.ingadottir@samband.is
Samband íslenskra sveitarfélaga
Borgartúni 30, pósthólf 8100 128 Reykjavík
Sími: 51 54 900, netfang: samband@samband.is
www.samband.is

Vinsamlega athugið að þessi tölvupóstur og viðhengi hans eru eingöngu ætluð þeim sem tölvupósturinn er stílaður á og gætu innihaldið upplýsingar sem eru trúnaðarmál. Hafir þú fyrir tilviljun, mistök eða án sérstakrar heimildar tekið við tölvupósti þessum og viðhengjum hans biðjum við þig að fara eftir 5. mgr. 47. gr. laga nr. 81/2003 um fjarskipti og gæta fyllsta trúnaðar og tilkynna okkur að þau hafi ranglega borist þér.

Subject: Tímabundinn styrkur til sveitarfélaga vegna tómstunda- og menntunarúrræða barna á flóttu: Síðari úthlutun

Tilvísun í mál: MRN22060034

Ágæti viðtakandi

Með vísan í bréf mennta- og barnamálaráðherra til sveitarfélaga dags. 6. maí sl. er vakin athygli á því að rafrænt eyðublað til að sækja um stuðning vegna móttöku barna á flóttu er nú aðgengilegt á Eyðublaðavef Stjórnarráðsins: <https://minarsidur.stjr.is/web/index.html>. Umsóknarfrestur síðari úthlutunar styrks er til og með 15. ágúst 2022.

Mennta- og barnamálaráðherra veitir sveitarfélögum, þar sem börnin eru með búsetu, tímabundinn fjárstyrk. Um er að ræða síðari úthlutun tímabundins stuðnings við sveitarfélög við að taka á móti auknum fjölda barna á flóttu. Með börnum á flóttu er átt við börn sem hlotið hafa dvalarleyfi á grundvelli alþjóðlegrar verndar skv. 73. gr. laga um útlendinga nr. 80/2016 eða á grundvelli mannúðarsjónarmiða skv. 74. gr. sömu laga eftir 4. mars 2022.

Síðari úthlutun að upphæð allt að 100.000 kr. fyrir hvert barn fætt árin 2004 til 2022 er ætlað að styðja við fjölbreytt tómstunda- og menntunarúrræði ásamt undirbúningi að skólastarfi haustið 2022. Úrræðin mega vera tengd tómstunda- og menntaúrræðum sem fyrir eru í boði í sveitarfélaginu.

Óskað er eftir einni umsókn frá hverju sveitarfélagi.

Allar fyrirspurnir skal senda á mrn@mrn.is

Með góðri kveðju,
Þórdís Þórisdóttir